

## **147. Fundur Kirkjugarðaráðs var haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 5. febrúar 2018.**

Mætt voru: Agnes M. Sigurðardóttir biskup sem sat fundinn undir liðum eitt og tvö og stýrði fundi undir þeim liðum. Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins tók síðan við stjórn fundarins. Auk þeirra sátu fundinn Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Gestir fundar voru Gestur Jónsson lögfræðingur og Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands sem sátu fundinn undir liðum eitt og tvö. Sr. Þórir Stephensen, Helgi Þorláksson, Friðrik Ólafsson og Marínó Þorsteinsson sátu fundinn undir lið tvö.

1. *Fundur settur 14:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram.*

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. *Hinn forni Víkurkirkjugarður í Reykjavík:*

Formaður kirkjugarðaráðs hafði með samþykkt ráðsmanna leitað álits Gests Jónssonar lögfræðings um ákvæði laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu (31. -33. gr.) og lög um menningarminjar nr. 80/2012 sem snerta jarðrask í kirkjugörðum. Gestur fór yfir lögfræðipáttinn með ráðinu og var niðurstaða hans að það þurfi heimild ráðsins og dómsmálaráðuneytis til að grafa upp kirkjugarð, þótt um fornleifauppgröft sé að ræða. ÁsteitingSORÐIÐ er orðið jarðrask sem fjallað er um í 33. gr. laganna. Kristín Huld Sigurðardóttir lagði fram minnisblað sem unnið var af lögmannsstofunni LOGOS fyrir Minjastofnun Íslands. Niðurstaða LOGOS, þar sem höfð var hliðsjón af hefðum og eldri ákvæðum í lögum með meiru, var að Minjastofnun Íslands þyrfti ekki að leita heimildar dómsmálaráðuneytis eða Kirkjugarðaráðs vegna fornleifauppgrafar. Ákveðið var að vinna málið áfram með Gesti Jónssyni og að verklagsreglur milli ráðsins og Minjastofnunar, vegna fornleifauppgrafa í kirkjugörðum yrðu skýrðar. Friðrik Ólafsson kynnti erindið fyrir hönd hóps manna sem ber vernd kirkjugarðsins fyrir brjósti. Auk Friðriks sóttu fundinn Helgi Þorláksson, Marínó Þorsteinsson og Sr. Þórir Stephensen. Þeir höfðu leitað umsagnar Hjalta Zophaniassonar um það hvort „Minjavernd Íslands hefði fullt ákvörðunarvald á meðferð niðurlagðra kirkjugarða,, og lögðu fram minnisblað Hjalta þar sem fjallað var um það mál. Niðurstaða hans var að kirkjugarðalög gangi framar lögum um minjavernd og hefði því átt að leita til dómsmálaráðuneytis um þetta mál. Þeir eru þeirrar skoðunar að Kirkjugarðaráð hafi ekki viljað taka á þessu máli.

Kirkjugarðaráð samþykkti að unnið verði áfram með Gesti Jónssyni vegna lagaskýringa laganna og varðandi verklag þegar um er að ræða fornleifauppgröft í kirkjugörðum. Hvort Minjastofnun ber í öllum tilfellum að leita heimildar dómsmálaráðuneytis. Einnig

hvert verklag eigi að vera varðandi upphaf máls sem þessa. Hvort ráðið eigi að hafa samband við ráðuneytið þrátt fyrir að ráðuneytið eigi að leita umsagnar ráðsins.

3. *Undirbúningur úthlutunar úr Kirkjugarðasjóði v/ársins 2018.*

Umsóknir í Kirkjugarðasjóð lagðar fram til kynningar.

4. *Umgengnisreglur fyrir Einarstaðakirkjugarð.*

Erindi frá dómsmálaráðuneyti sem lagði til umgengnisreglur fyrir Einarstaðakirkjugarð. Kirkjugarðaráð samþykkir umgengnisreglurnar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

5. *Framlag ríkisins til kirkjugarða, ársreikningur 2017. Ákvörðun um framlagningu.*

Ársreikningurinn mun verða lagður fram á fundi Kirkjugarðaráðs 12. júní.

6. *Næsti fundur.*

Fundurinn verður haldinn mánudaginn 12. febrúar. Fundur hefst kl. 14:00.

7. *Önnur mál*

Kristín Huld nefndi að til stæði fundur á næstu dögum hjá samstarfshópi Minjastofnunar og Reykjavíkurborgar um varðveislu Víkurgarðs. Ráðið taldi ekki rétt að svo stöddu að framkvæmdastjóri tæki þátt í störfum samstarfshópsins.

Fundi slitið kl. 17:30.

---

*Ragnhildur Benediktsdóttir,*  
*formaður*

---

*Kristín Huld Sigurðardóttir,*  
*ritari*